

þeir háir eins og sumir íslenzku fossarnir. Þar er afl úr dregið til ljósa og hreifingar. — Daginn eftir var haldið til strandar ofan og var það sama sagan, heiðar, fjöll og jarðgöng, en þegar ofan á ströndina kom, fór mér verulega að lítast á mig. Þá sá eg sjóinn, sem eg ekki hafði séð í 19 ár, og flaug þá margt í huga mér frá fyrri árum, þegar öldurnar við gamla landið rugguðu mér sem barni í vöggu, eða eg sofnaði við gnað aldanna á malarkambinum, eða þegar eg var á siglingu og hvítfextar öldurnar eltu bátinn, eða brotnuðu undir kinnungunum í beiti-vindi. Mér fanst mig langa til að koma út á sjóinn einu sinni enn þá.

Bærinn Everett er fallegur. Þaðan lá leiðin norður með ströndinni, oft fyrir neðan sjáfarbakkann hátt í fjörunni gegnum Bellingham og fleiri bæi. Bellingham er nýr bær fallegur, einkum hvað legu snertir, eru þar sögunarmillur og niðursuðuhús, höfn léleg. Þar er ekran af landi í kringum bæinn 300—500 dollara—nokkuð dýrt fyrir landann.

Loksins kom eg til Blaine. Þangað var ferðinni heitið frá fyrsta. Skamt var eg kominn af járnbrautarstöðinni þegar eg fann landa og varð þess brátt vísari, að þeir voru, að segja mátti, í 3. hverju húsi. Hafa þeir tekið mér sem bróður eða syni, og oft hefi eg átt góðum viðtökum að mæta hjá löndum, en hvergi betri, og var eg þó sumum þeirra ókunnugur. Eg hvíldi mig nokkra daga hjá Magnúsi Jónssyni frá Fjalli í Skagafirði. Svo fór eg að sjá mig um og það var sem hitti eg alstaðar kunningja og gamla vini.

Blaine er nokkuð stór bær við vík eina, sem kölluð er Drayton Harbor. Eru þar leirur miklar og millur og niðursuðuhús byggð á stólpum úti á leirunum. Það verður hverjum undireins ljóst að hér hefir „boom“ verið áður fyrri, enda hafði það verið fyrir 14 árum. Hús mörg standa hér ómáluð, eyður eru talsverðar milli húsa og á stöku sjást ennþá hinir tröllauknu furu- og sedrusviðarstofnar á auðum lotum. Sjávarbakkinn er hár, og skerst gil mikið gegnum bæinn. Á bak við bæinn eða efst í bæjarstæðinu er hæð ein há, og er þar mikið útsýni af, þar sem skógur ekki skyggir á, og sést þaðan hinn mikli snjókrýndi